

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um jöfnunargjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 3% jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar og fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Sama skal gilda um innfluttar vörur upprunnar í öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskránumer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. nefndra laga til samræmis við tolltaxta tollskránumera sem nefndir samningar taka til.

Jöfnunargjald skv. 1. mgr. skal einnig innheimt af innfluttum vörum sem tollar hafa verið felldir niður af án tillits til uppruna skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, enda falli vörur þessar undir tollalækkunar-ákvæði samninga þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og sams konar eða hliðstæðar vörur séu framleiddar hér á landi.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjald af gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð eða með öðrum fyrirætlum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skuli gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.